



Alþingi
vt. Nefndasvið Alþingis
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/522
komudagur 4.12.2013

4. desember 2013
Tilvísun: 2013110039/10.4

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi og miðlun váttrygginga (markaðssetning o.fl., EES-reglur), 168. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 25. nóvember 2013, þar sem óskað er umsagnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og miðlun váttrygginga (markaðssetning o.fl., EES-reglur), 168. mál. Jafnframt er vísað til áðursendrar umsagnar Fjármálaeftirlitsins um ofangreint frumvarp, dags. 5. febrúar 2013.

Almennar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp

Fjármálaeftirlitið bendir á að ritvillu er að finna í athugasemdum í greinargerð við 17. gr. frumvarpsins. Svo virðist sem notað hafi verið orðalagið „á eftir“ í stað „næst á undan“ og er því umfjöllun um ákvæðið í greinargerð í beinni andstöðu við sjálfa 17. gr. í frumvarpsins.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

I. 16. grein frumvarpsins

Með 16. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi sem fjallar m.a. um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra og krossstjórnarsetu á váttrygginga- og fjármálamarkaði.

Í fyrri umsögn Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. febrúar, var áréttað mikilvægi þess að gæta samræmis á milli löggjafar um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi þar sem slíkt er viðeigandi. Var bent á að fyrirhuguð væri breyting á 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sbr. þskj. 643, 501 mál. Breytingin var í framhaldinu innleidd með 8. gr. laga nr. 47/2013 og lýtur að því hvaða lögmannsstörf stjórnarmenn fjármálafyrirtækja mega taka að sér fyrir önnur fjármálafyrirtæki og við hvaða aðstæður. Mikilvægt er að 16. gr. frumvarpsins sbr. 54. gr. laga nr. 56/2010 verði endurskoðuð með hliðsjón af framangreindu.

II. 17. grein frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið telur að umrætt ákvæði sem innleiðir 12. gr. tilskipunar 2001/17/EB, sé ranglega staðsett sé litið til efnisskipan laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Í ljósi þess að umræddu ákvæði er ætlað að leggja þá skyldu á váttryggingafélög að geta á hverjum tíma gert grein fyrir eignum til móts við kröfur er hafa forgang yfir váttryggingaskuld í efnahagsreikningi sínum, verður að telja nærtækast að staðsetja ákvæðið í beinu framhaldi af sambærilegu ákvæði um váttryggingaskuldina sjálfa, sbr. 2. mgr. 36. gr., í stað félagaslitakafla laganna. Í því samhengi þykir vert að benda á að umræddu ákvæði er ætlað að leggja viðvarandi skyldu á váttryggingafélög, líkt og framangreind krafa 2. mgr. 36. gr. laganna.

Á grundvelli ofangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að ákvæði 17. gr. frumvarpsins verði



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

breytt með eftirfarandi hætti:

Við fyrsta málslið 2. mgr. 36. gr. laganna bætist eftirfarandi: *svo og þeim kröfum sem ganga á undan henni, sbr. 11. mgr. 94. gr.*

Með breytingunni yrði ákvæði 2. mgr. 36. gr. með eftirfarandi hætti: *Vátryggingafélag skal, auk þess að uppfylla á hverjum tíma gjaldþolsskilyrði samkvæmt lögum þessum, sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld svo og þeim kröfum sem ganga á undan henni, sbr. 11. mgr. 94. gr.*

III. 21. gr. frumvarpsins

Í greininni er kveðið á um meðhöndlun kvartana, fyrirspurna og annarra sambærilegra erinda sem berast til vátryggingamiðlara. Sambærilegt ákvæði er ekki í annarri löggjöf sem varða eftirlitsskylda aðila að undanskildu ákvæði sama efnis í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Evrópusambandið undirbýr nú nýja tilskipun um miðlun vátrygginga (IMD2) þar sem fyrirhugað er að ákvæði tilskipunarinnar um viðskiptahætti vátryggingamiðlara, þ. á m. meðhöndlun kvartana verði útvíkkuð þannig að þau nái jafnframt til vátryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitinu berst árlega fjöldi fyrirspurna og ábendinga þar sem kvartað er undan því að eftirlitsskyldur aðili svari ekki þeim erindum sem honum berast. Oft á tíðum er um mikilsverða hagsmuni viðskiptavina að ræða og því áriðandi fyrir hann að fá skýr, greinargóð og tímanleg svör. Fjármálaeftirlitið telur því mikilvægt að ákvæði um meðhöndlun kvartana og fyrirspurna séu tekin upp í alla löggjöf á fjármálamarkaði.

IV. 22. gr. frumvarpsins

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um miðlun vátrygginga nr. 32/2005. Með 21. og 22. gr. frumvarpsins er verið að innleiða 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 92/2002/EB um miðlun vátrygginga. Fyrir liggur dómur EFTA dómstólsins frá 15. nóvember um ófullnægjandi innleiðingu nefndra greina í íslenskan rétt auk 1. mgr. 9. gr. sömu tilskipunar.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að frumvarpið nær ekki til 1. mgr. 9. gr. nefndrar tilskipunar sem hljóðar svo: „*The competent authorities of the various Member States shall cooperate in order to ensure the proper application of the provisions of this Directive.*” Telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að skoða hvort að nefnt ákvæði hafi verið innleitt með fullnægjandi hætti í íslenskan rétt. Bent er á að ákvæðið kveður á um skyldu til samstarfs en það ákvæði sem kemur þessu næst í íslenskri löggjöf er 14. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem kveður á um heimild upplýsingaskipta.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Guðrún Áslaug Jónsdóttir
Guðrún Áslaug Jónsdóttir